# Byggingarleyfi á Íslandi
# Allt á einum stað

Leiðbeiningar
október 2025

stafraenbyggingarleyfi@hms.is



# ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Umsóknarhlekkur** :
- https://Byggingarleyfi.hms.is

**Upplýsingasíða HMS** :
- https://hms.is/mannvirkjaskra/byggingarleyfi

**Innskráning**
- Skráir sig inn með rafrænum skilríkjum í síma eða appi
- Hægt að skrá sig inn sem prókúruhafi ef að hann hefur umboð sem slíkur á hönnunarstofu

**Spurt og svarað**:
- Algengum spurningum svarað um umsóknarferlið og gögn

**Sveitarfélag**

Svarar/aðstoðar öllu sem snýr að umsókn um byggingarleyfi og öllu tengt því ferli m.a. eftirfarandi:
- Þarf umsókn um leyfi
- Allt varðandi gögn og staðfestingar aðila í umsókn
- Ásamt stöðu mála
- Þ.e. öllu sem snýr að notandanum

**HMS**

Tekur við fyrirspurnum varðandi villur og ef virkni í kerfinu er ekki rétt.

- Æskilegt að slík erindi séu send á stafraenbyggingarleyfi@hms.is og komi frá sveitarfélagi en ekki notanda/umsækjanda

**Ekki senda notanda beint á HMS, það kemur eingöngu niður á þjónustu við notandann.**






# INNSKRÁNING

Innskráning er með rafrænum skilríkjum.

Hægt er að finna leiðbeiningar inn á: https://island.is/innskraning-umbod-og-adgangsstyring-a-island-is

Hönnuðir geta séð yfirlit yfir verk sem eru skráð á stofu þeirra ef að þeir hafa umboð.

Öll skrá sig inn með persónulegum rafrænum skilríkjum, hægt að skipta um notanda með því að smella á nafnið sitt í hægra horni.

← Þjónusta Ísland.is

Þjónustuaðili
Stafrænt Ísland

Tengt efni

- Rafræn skilríki
- Um Mínar síður á Ísland.is
- Innskráningarþjónusta

**Að skrá sig inn sem fyrirtæki**

Prókúruhafar fyrirtækja, félagasamtaka og stofnanna geta skráð sig inn á Mínar síður á Ísland.is ef þeir eru skráðir prókúruhafar viðkomandi rekstrar hjá Skattinum.

1. Þú skráir þig inn með þínum persónulegu rafrænu skilríkjum á Mínar síður.
2. Þú skiptir um notanda með því að smella á nafnið þitt í efra hægra horni og velur að *Skipta um notanda.*
3. Þá birtast þeir aðilar og fyrirtæki sem þú hefur aðgang að.

Ef þú sérð ekki þína prókúruhafa-skráningu á Mínum síðum þarftu að hafa samband við Fyrirtækjaskrá hjá Skattinum.

Prókúruhafar geta veitt öðrum aðgang að Mínum síðum í gegnum Umboðskerfi Ísland.is, sjá nánar um umboð og aðgangsstýringarréttindi í kaflanum *Veita öðrum umboð*.

**Að skrá sig inn sem stofnun, sveitarfélag eða opinber aðili**

**Að skrá sig inn fyrir hönd barna**

**Að skrá sig inn með umboði**

**Að skrá sig inn sem persónulegur talsmaður**

## Innskráning, umboð og aðgangsstýring á Ísland.is

Hlusta

Þjónustan Innskráning fyrir alla býður örugga innskráningu inn á vefi opinberra aðila og aðgangsstýringu að gögnum með Umboðskerfi Ísland.is.

### Innskráning með rafrænum skilríkjum

Notandinn getur valið úr þremur leiðum til að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum:

- Með rafrænum skilrikjum í síma.
- Með auðkennisappinu.
  Auðkenning sem ekki krefst íslensks símkorts.
- Auðkenning með skilríki á korti.
  Notandi tengir sérstakt auðkenniskort sitt við eigin tölvu með uppsettum hugbúnaði fyrir auðkenningu.

### Umboð - innskráning fyrir hönd annarra

Einstaklingar geta skráð sig inn fyrir hönd fyrirtækja, opinberra aðila, barna og þeirra einstaklinga sem hafa gefið þeim umboð.

Umboð er annað hvort veitt af einstaklingi eða verður til vegna tengsla, þá eru upplýsingar sóttar í skrár þeirrar stofnunar sem ber ábyrgð á viðkomandi skráningu.

- Foreldrar eru sjálfkrafa með umboð fyrir börn sín til 18 ára aldurs.
- Prókúruhafar fyrirtækja eru sjálfkrafa með umboð vegna gagna þess fyrirtækis og geta veitt öðrum aðgang.

Þegar einstaklingur skráir sig inn fyrir hönd annarra byrjar hann á því að skrá sig inn með sínum eigin rafrænu skilríkjum og síðan eru umboð hans sótt í Umboðskerfið. Einstaklingur er alltaf innskráður til þess að tryggja öryggi og rekjanleika.

# FORSÍÐA UMSÓKNARKERFIS

Innskráður umsækjandi er hönnuður. Þá sér hann efst í hægra horni nafnið sitt og það fyrirtæki sem hann hefur prókúru á.

<u>Mínar Umsóknir</u>

Þar birtast mál sem viðkomandi hefur stofnað og sótt um.

<u>Fyrirtækjasýn</u>

Einnig hefur hönnuður yfirlit yfir þær umsóknir sem sótt hefur verið um af öðrum prókúruhöfum stofunnar.



# UPPSETNING UMSÓKNAR

Byggingarleyfisumsókn skiptist upp í **5 meginskref**

1. Tegund
2. Staðsetning
3. Umsækjendur
4. Gögn
5. Samantekt



# TEGUND

Hvar er notandinn í ferlinu? Alltaf sýnilegt á vinstri stiku.

Tegund umsóknar er valin – þ.e. um hverskonar framkvæmd er verið að sækja?

Umfangsflokkur er valinn í samræmi við umfangsskilgreiningu framkvæmdar skv. byggingareglugerð.

Lýsing á þeirri framkvæmd sem verið er að sækja um, frjáls texti .



# STAÐSETNING

**Staðsetning**:

Umsækjandi skráir inn heimilisfang, landeignanúmer eða fasteignanúmer (upplýsingar inn á https://hms.is/fasteignaskra )

Ef fleiri en eitt fasteignanúmer er á lóðinni þá þarf að velja það fasteignanúmer / rými (merking) sem umsóknin fjallar um.



# UMSÆKJENDUR

Hér eru eigendur skráðir.
Þegar umsækjandi hefur fyllt út kennitölu kemur sjálfkrafa upp nafn tengt henni.

ATH! Ef að þetta er í fyrsta skipti sem aðili er tengdur máli, þá fær hann tölvupóst um að hann hafi verið tengdur máli og hann beðinn að staðfesta aðkomu að málinu, með staðfestingu staðfestir eigandi netfang og aðkomu.

ATH! Ef eigandi er opinber aðili eða stórir byggingaraðilar þá þarf prókúruhafi að staðfesta f.h. eigenda.

Hönnuður er skráður á málið, ath að þegar fornafn er slegið inn þá birtast nöfn þeirra hönnuða með löggildingu og virkt gæðakerfi skv. https://hms.is/fagadilar-i-mannvirkjagerd/gaedastjornunarkerfi/gaedastjornunarkerfi-honnuda

Sjálfkrafa er hakað við að hönnuður og hönnunarstjóri eru sami aðili, hægt er að haka við annan og skrá þá annan aðila sem hönnunarstjóra.






# STAÐFESTINGAR Í TÖLVUPÓSTI




Ef að hönnuður stofnar umsókn um byggingarleyfi þá fær þinglýstur eigandi fasteignarnúmers tölvupóst þess efnis og þarf að staðfesta aðkomu og samþykki sitt fyrir umsókninni.

Umsækjandi getur ekki sent inn umsókn fyrr en að allir tengdir aðilar (hönnuður/eigandi) hafa staðfest aðkomu sína að málinu.




Skjáskot af tilkynningu eins og hún birtist í tölvupósti tengdra aðila.

# GÖGN

Hér eru gögn með umsókninni hengd við umsóknina.

Aðaluppdrættir
Skráningartafla

Önnur gögn
- Þarf að hlaða upp starfsábyrgðartryggingu hið minnsta.



# SAMANTEKT UMSÓKNAR

Hér er getur umsækjandi yfirfarið inn skráðar upplýsingar og viðhengi áður en ýtt er á senda inn umsókn.

Það er alltaf hægt að fara í listann vinstra megin og lagfæra/betrumbæta.

Tilkynning um að umsókn hefur verið send inn, er send í pósthólf tengdra aðila þar sem fram kemur málsnúmer.

Stöðuvél um hvar málið er statt í ferlinu, þannig að umsækjandi, notandi, hönnuður eiga að geta séð hvar málið er statt hverju sinni.

Umsækjandi getur einnig séð virkar umsóknir undir mínum síðum þegar hann er innskráður.




ATH að nýjar umsóknir birtast daginn eftir hjá byggingarfulltrúa, umsækjandi fær póst um að umsókn er móttekin þegar umsóknin er komin í kerfi byggingarfulltrúa









# TÖLVUPÓSTAR TIL TENGDRA AÐILA VIÐ VINNSLU MÁLS

**Dæmi**:

Um netpóst sem skráðir aðilar fá þegar umsókn hefur verið send inn og þegar byggingaráform eru samþykkt

USK númer er skráð í hlöðuna,
Mál eru lesin yfir einu sinni á sólarhring.






# SÝN HÖNNUÐA

Ef að innskráður umsækjandi er hönnuður.

Þá sér hann efst í hægra horni nafnið sitt og það fyrirtæki sem hann hefur prókúru á.

Mínar umsóknir

Þar birtast mál sem viðkomandi hefur stofnað og sótt um.

Einnig hefur hönnuður yfirlit yfir þær umsóknir sem sótt hefur verið um af öðrum prókúruhöfum stofnunar.

Byggingarleyfi

Arkítektar ehf | Freyja Þráinsdóttir

## Mínar umsóknir

Ný umsókn

| Málsnúmer | Heimilisfang | Sveitarfélag | Skráð | Uppfært | Áfangi og staða |
|---|---|---|---|---|---|
| USK24090809 | Drápuhlíð 2 | Reykjavík | 31.12.2024 | — | Byggingaráform Drög |

## Arkítektar ehf.

| Málsnúmer | Heimilisfang | Sveitarfélag | Hönnunarstjóri | Skráð | Uppfært | Áfangi og staða |
|---|---|---|---|---|---|---|
| USK24090809 | Hringbraut 27 | Reykjavík | Sigrún Anna Jónsdóttir | 05.12.2024 | 08.01.2025 | Byggingaráform Umsókn send |
| 202410–0954 | Tjarnargata 6 | Reykjanesbær | Árni Freyr Magnússon | 28.11.2024 | — | Byggingaráform Drög |
| 2402179 | Kirkjubraut 8 | Akranes | Einar Þór Guðmundsson | 12.12.2024 | 15.01.2025 | Byggingaráform Vísað til skipulags |
| 202410–0954 | Aðalgata 30 | Reykjanesbær | Guðrún Elín Árnadóttir | 19.12.2024 | 22.01.2025 | Byggingaráform Í vinnslu |
| 2402179 | Heiðarbraut 22 | Akranes | Jón Pétur Björnsson | 26.12.2024 | 29.01.2025 | Byggingarleyfi Athugasemdir |

# STAÐA UMSÓKNAR

Efst er stöðuyfirlit umsóknarinnar

Blár = málið er í vinnslu.

Appelsínugulur = áform samþykkt, skila þarf inn gögnum.

Grænn = byggingarleyfi útgefið – uppfærsla á byggingarstigum og úttektir á framkvæmdartíma taka nú við.









# BYGGINGARSTJÓRAR OG IÐNMEISTARAR

**Þegar byggingaráform hafa verið samþykkt.**

Skrá þarf byggingarstjóra/ iðnmeistara og þeir staðfesta aðkomu að verkinu eins og aðrir.

ATH! Virkar umsóknir verða færðar af mínum síðum HMS (gamla umsóknarkerfið) og færast inn á byggingarleyfi.hms.is nýja kerfið.

Athugið að mál verða enn aðgengileg inn á málaskrárkerfi sveitarfélagsins.

ATH að byggingarstjórar geta EKKI farið inn á mínar síður HMS og séð yfirlit yfir sín verk hjá Reykjavík eins og áður.

Byggingarstjórar þurfa að fara inn á :
https://Bg.hms.is til að skila inn áfangaúttektum og sjá yfirlit yfir sín mál.






# SÉRUPPDRÆTTIR

Hér getur hönnunarstjóri/ hönnuðir séruppdrátta hlaðið upp séruppdráttum frá öllum sviðum.
Ásamt greinargerð hönnuðar



HAUS